



Reykjavík, 6. október 2023

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2024

Samantekt:

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) leggja gegn boðuðum áformum um hækkun auðlindagjalds á fiskeldi í sjó. Áformin eru bæði ótímabær og úr hcfi. Hækkun gjaldsins er ekki í samræmi við niðurstöður í skýrslu Boston Consulting Group, sem unnin var fyrir matvælaráðuneytið, og skýrslu Ríkisendurskoðunar, ásamt því að samræmast ekki markmiðum ríkissjórnarinnar sem fram koma í sjórnarsáttmála. Þá skýtur skökku við að lögð sé til hækkun á núverandi gjaldi, en á sama tíma er umfangsmikil vinna í matvælaráðuneytinu við stefnumótum lagareldis, þar sem fram koma hugmyndir um annarskonar útfærslu á gjaldinu.

Treysta þarf samkeppnishæfni fiskeldis á Íslandi og búa svo um hnútana að atvinnugreinin geti lagt mikilvæg lóð á vogarskálar hagsældar og áframhaldandi góðra lífskjara hér á landi til lengri tíma. Tækifæri til verðmætasköpunar eru enda mikil í fiskeldi. Nauðsynlegt er að til staðar sé svigrúm til jjafestinga og uppbyggingar þessarar ungu atvinnugreinar í hinum dreifðari byggðum landsins. Slík skilyrði leggja grunn að arðsemi og tekjum til samfélagsins.

Að mati SFS er nauðsynlegt að gera bragarbót á hcfrannsóknunum. Mikilvægt er að tryggja með viðhlítandi hætti að nauðsynlegar hcfrannsóknir séu að fullu jarmagnaðar. Markmiði fiskveiðisjórnunarkefisins um hámarksafkastur nýjastefna til lengri tíma verður ekki náð að óbreyttu. Fjarmagn til hcfrannsókna er jjafesting í hagsæld og áframhaldandi góðum lífskjörum. Að þrengja svo að grunnstaifsemi Hcfrannsóknastefnunar eins og nú er gert er hættuspil, eins og lesa má í greinargerð Jóhanns Sigurjónssonar til matvælaráðherra, um stöðu hcfr- og fiskirannsóknar og leiðir til að efla þær.

* * *

Vísað er til fyrirbyggjandi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2024. Með umsögn þessari vilja SFS koma á framfæri nokkrum athugasemdum. Samtökin hafa jafnframt skilað inn athugasemdum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024. Með umsögn þessari vilja samtökin koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum við frumvarp til fjárlaga 2024.

12 Yfirlit yfir lagabreytingar - gjaldtaka í fiskeldi:

Fram kemur í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2024, að breyting verði gerð á lögum nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Lögð er til hækkun á gjaldhlutfalli úr 3,5% í 5%. Miðað verði áfram við að 1/3 af gjaldinu fari sem framlag til fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem fram kemur í greinargerð með gildandi lögum. Um er að ræða samskonar hugmynd að gjaldtöku í fiskeldi og hefur áður komið fram, annars vegar í fjárlögum 2023 og hins vegar í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028. Hugmyndinni hefur því áður verið slegið á frest.

SFS mótmæla boðaðri hækkun gjaldtöku í sjókvíaeldi. Þegar litið er til niðurstöðu Boston Consulting Group (BCG), sem matvælaráðherra fól að vinna skýrslu um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi, þá var þar hvergi að finna umfjöllun þess efnis að svigrúm væri til hækkunar á gjaldtöku af fiskeldi hér á landi. Þvert á móti. Niðurstaða BCG var skýr um það að þegar núverandi fiskeldisgjald hefur verið að fullu innleitt árið 2026, í samræmi við gílandi lög, verði „heildarskattar og gjöld laxeldisfyrirtækja hæst á Íslandi”.¹ Þá er ljóst að munurinn mun aukast enn frekar í samanburði þjóða, Íslandi í óhag, þegar tekjuskattur lögaðila hækkar í 21% á komandi ári.

Í skýrslu BCG var einnig lögð rík áhersla á mikilvægi þess að huga að alþjóðlegri samkeppnisstöðu íslenskra fiskeldisfyrirtækja hvað varðar skatta og gjöld. Með hliðsjón af þeim reglum sem gilda í öðrum löndum og mikilvægi þess að hér sé vel samsett, sanngjarnt og gagnsætt gjalda- og skattaumhverfi þá lagði BCG fram átta tillögur á sviði skatta- og gjaldaumhverfis greinarinnar, sem íslenskum stjórnvöldum var ráðlagt að skoða í fyrirhugaðri stefnumótun um fiskeldi.² Skemmst er frá því að segja að engin þeirra fól í sér að hækka bæri gjaldhlutfall fiskeldisgjaldsins. Þvert á móti lagði BCG til að stjórnvöld legðu sjálfstætt mat á hvort rétt væri að draga úr gjaldheimtu í sjókvíaeldi þannig að eldisfiski, sem væri fargað samkvæmt ákvörðun yfirvalda, væri undanþeginn gjaldtöku fiskeldisgjalds. Jafnframt var lagt til að skoðað yrði hvort minnka ætti aðgangshindranir fyrir nýja framleiðendur með tímabundnum gjalda- eða skattaafslætti eða lægri leyfiskostnaði. Nýir aðilar gætu þá fjárfest í rekstri og haft svigrúm til að ná upp arðsemi áður en gjöld og skattar féllu á af fullum þunga. Enn fremur var lagt til í skýrslunni að hvatt yrði til fjárfestinga í umhverfsvænni tækni með því að bjóða tímabundinn gjalda- eða skattaafslátt eða sérstakar ívilnanir í útboðum til fyrirtækja sem nýttu sér enn umhverfsvænni eldisaðferðir.³

Sömu sögu er að segja af úttekt Ríkisendurskoðunar um stjórnsýslu sjókvíaeldis, sem kom út fyrir á þessu ári. Þar sagði að endurskoða þyrfti lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, en þó ekki fjárhæð gjaldsins.⁴ Þvert á móti var lagt til að taka þyrfti til athugunar árangur fiskeldissjóðs, ákvörðun og álagningu verðmætagjalds og hvort tilefni væri til að binda í lög slægingarstuðul svo nýta mætti þau gögn sem framleiðendur skila Matvælastofnun við álagninguna. Ríkisendurskoðun taldi að leggja þyrfti mat á hvort álagning og innheimta ætti áfram að vera á hendi Fiskistofu eða hvort fela ætti Matvælastofnun það verkefni. Hvergi var lagt til af hálfu Ríkisendurskoðunar að hækka bæri gjaldhlutfall fiskeldisgjaldsins.

Tekið skal fram að SFS leggjast almennt ekki gegn hvers konar endurskoðun fiskeldisgjalds, en benda á að við slíka endurskoðun verði að huga sérstaklega að áhrifum gjaldtöku á alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks fiskeldis. Ljóst er að sú hækkun sem boðuð er í fjárlögum 2024 mun skaða samkeppnishæfni þeirra. Enn fremur má benda á að engri sértækri gjaldheimtu á fiskeldi er fyrir að fara í öðrum samkeppnislöndum, ef frá eru talin Noregur og Færeyjar.⁵

Þá telja SFS að auknar álögur á fiskeldi séu í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að búa íslensku fiskeldi samkeppnishæft umhverfi til að gera atvinnugreininni kleift að standa

¹ 3.4.4.5 Samanburður á sköttum og gjöldum á mörkuðum, bls. 110.

² 4.4.7 Næstu skref að íhuga á grundvelli fyrirkomulags á öðrum mörkuðum, bls. 118-119.

³ Fyrstu þrjár tillögurnar lúta að úthlutunarfyrirkomulagi og hlutfalli skatta og gjalda sem renna til sveitarfélaga.

⁴ Ábending nr. 12

⁵ KPMG, Taxation of Aquaculture 2022: A country overview

undir því fjölpætta hlutverki sem hún gegnir í íslensku samfélagi, meðal annars við að skapa atvinnu og tryggja byggðafestu.⁶

Að endingu telja SFS rétt að vekja sérstaka athygli á nýjum drögum að stefnumótun í lagareldi, sem matvælaráðherra kynnti hinn 4. október sl. Þar er lagt til að leyfishafar greiði gjald fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum og gjaldið standi m.a. undir stjórnslu, rannsóknnum og vöktun í málaflokknum auk innviðaupbyggingar sem atvinnugreininni fylgir. Gjaldið skuli tengt afkomu rekstraraðila í gegnum heimsmarkaðsverð á afurðum og þannig verði tryggt að gjaldtakan gangi ekki á svigrúm til fjárfestinga í greininni. Þá er lagt til að hagrænar hvatar verði innbyggðir í gjaldtökuna, sem hvetja til framleiðsluafurða sem stuðla að bættri umgengni við umhverfi og bættri dýravelferð.

Að mati samtakanna skýtur skökku við að lögð sé til í fjárlagafrumvarpi hækkun gjaldtöku í sjókvíaeldi, á sama tíma og enn er verið að útfæra stefnumótun í málaflokknum þar sem hugmyndir eru uppi um breytta gjaldtöku. Staldrá þarf við og leggja ígrundað mat á hvaða leiðir til gjaldtöku séu farsælar til lengri tíma. Greina þarf kosti og galla einstakra tillagna og möguleg áhrif þeirra. Tíðar breytingar á gjaldtöku leiða til minni fyrirsjáanleika í rekstri sem hefur áhrif á fyrirtækin og samkeppnishæfni þeirra.

13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Stefna ríkisfjármála hefur verið að gera fasta árlega hagræðingarkröfu á allar ríkisstofnanir. Í sjávarútvegi hefur þeirri hagræðingarkröfu fyrst og fremst verið mætt með samdrætti í vöktun nytjastofna. Má þar meðal annars nefna minni vöktun karfa, loðnu, síldar, rækju, humars og hörpudisks. Þá hefur einnig verið dregið úr söfnun sýna úr aflu og grunnrannsóknnum, ásamt því að mannskap hefur fækkað. Þá hefur flatfiskarall verið blásið af, en stofnunin hefur farið í slíkan leiðangur frá árinu 2019. Vonir stóðu til að hægt væri að byggja upp mikilvæga tímaröð fyrir stofnmat flatfiska við landið.

Samtökin telja almennt skynsamlegt að gæta aðhalds í útgjöldum úr sameiginlegum sjóðum. Hins vegar skal á það bent að ef dregið er úr vöktun nytjastofna eins og lagt er til eykst óvissa um áhrif nýtingar stofnanna. Það þýðir að brugðist er við með varfærnari nýtingu, sem gerir það að verkum að ráðlagður heildarafli lækkar og verðmætasköpun úr hafi verður ekki háværkuð.

Undanfarin ár hafa SFS ítrekað lýst þungum áhyggjum af fjárskorti til rannsókna á lífríki sjávar og að starfsemi Hafrannsóknastofnunar hafi verið sett í öngstræti. Nýting sjávarauðlinda og tækifæri til sölu afurða á arðbærum mörkuðum gera miklar kröfur til hafrannsókna og vísinda. Áhrifa þessa gætir einnig varðandi vottanir og rekjanleika sjávarafurða.

SFS telja mikilvægt að vel sé hugað að rannsóknnum á lífríki sjávar og að Hafrannsóknastofnun sé tryggt fullnægjandi fjármagn til nauðsynlegra rannsókna. Samtökin töldu því jákvæð skref stigin í frumvarpi til fjárlaga 2024, þar sem fyrirhugað var að veita Hafrannsóknastofnun 180 m.kr. til eflingar hafrannsókna. En betur má ef duga skal. Þrengt hefur verið svo að grunnstarfsemi Hafrannsóknarstofnunar undanfarin ár að það er orðið að hættuspili.⁷ Á sama tíma og gert er ráð fyrir auka fjárveitingu sem nemur 180 m.kr. til ákveðinna verkefna í hafrannsóknnum í fjárlögum er gerð aðhaldskrafa sem nemur um 223 m.kr. Þá lækkar fjárheimild málaflokksins um 100 m. kr. þar sem tímabundið framlag fellur niður til að koma

⁶ Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, bls. 13

⁷ Greinargerð um stöðu haf- og fiskirannsóknna og leiðir til að efla þær. Tekið saman fyrir matvælaráðherra af Jóhanni Sigurjónssyni. Október 2022.

til móts við þarfir fyrir grunnrannsóknir og bæta vöktun. Fyrirliggjandi frumvarp sýnir því miður engan vilja til þess að leiðarannsóknir á nytjastofnum við strendur Íslands út úr því öngstræti sem þær eru í.

Hinn 4. október sl. lagði Hafrannsóknastofnun til að engar loðnuveiðar yrðu stundaðar fiskveiðiárið 2023/2024, að óbreyttu. Þetta leiðir til þess að skipuleggja þarf enn umfangsmeiri leitarleiðangra eftir loðnu á vetri komandi. Árlega er það háð mikilli óvissu hvort Hafrannsóknastofnun geti farið í loðnuleiðangur í lok hvers árs, sökum skorts á fjármagni. Það getur reynst þjóðarbúinu dýrkeypt, sérstaklega nú þegar fyrir liggur að haustleiðangur gaf ekki upphafskvóta. Í raun hefur sjaldan verið jafn mikilvægt og nú að vakta og rannsaka loðnu. Til upprifjunar má nefna að á árunum 2019 og 2020 var ekki gefið út aflamark til veiða á loðnu. Útflutningsverðmæti vegna loðnuvertíðar fiskveiðiársins 2020/21 fóru yfir 50 milljarða króna. Ríkir hagsmunir samfélagsins standa því til þess að fjármagn sé til staðar til rannsókna á loðnu og leitar.


Öflugar hafrannsóknir eru forsenda þess að íslenskar sjávarafurðir séu samkeppnishæfar á alþjóðamörkuðum, nýting sjávarauðlindarinnar sé sjálfbær og íslenskt atvinnulíf og samfélag vaxi. Efling hafrannsókna getur skilað margföldum ávinningi fyrir þjóðarbúið.

* * *

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri